

HVERNIG LOKUM VIÐ KYNJABILINU Í ATVINNULÍFINU



„Þetta gerist í ferlinu, ekki í ákvörðuninni“

Upplifun karla í stjórnnum skráðra félaga af ráðningarferli forstjóra

Þóra H Christiansen Aðjunkt Viðskiptafræðideild HÍ

Samhengið: Fyrri rannsóknir

- Athafnakonur
 - lýstu karlklíku sem helstu hindrun
 - kölluðu eftir opnari og faglegri ráðningaferlum
 - vildu jafnvel tímabundinn kynjakvóta á framkvæmdastjórn
 - bentu fingri á konur í stjórnnum skráðra félaga
- Konur í stjórnnum skráðra félaga
 - lýstu útilokandi og ófaglegum ráðningarferlum
 - ferli sem byggðu á úreltum viðmiðum um leiðtogahæfni
 - kölluðu eftir virkari stefnumótun og arftakastjórnnum
 - bentu fingri á karla í stjórnnum skráðra félaga

Aðferðafræði

- Karlar sem eiga sæti í stjórnnum skráðra félaga
 - Haft samband við fulltrúa í stjórnnum allra félaga á markaði
 - 22 karlar á aldrinum um 40 - 70
 - Forstjórar, framkvæmdastjórar, frumkvöðlar, ráðgjafar
 - Viðskiptafræðingar, hagfræðingar, stærðfræðingar, verkfræðingar, lögfræðingar...
 - Viðtöl tekin í gegnum teams, 25-122 mínútur, að meðaltali 56 mínútur
 - Afrituð og þemagreind
-
- Hér er greint frá frumniðurstöðum út frá rannsóknarspurningunni:
 - Hver er upplifun og sýn karla sem sitja í stjórnnum skráðra félaga á ráðningarferli forstjóra með tilliti til jafnra tækifæra karla og kvenna til að hljóta stöðuna?



Skilgreining vandamálsins



Stjórnir vilja ráða hæfasta einstaklinginn í stöðu forstjóra

Hvernig einstaklingar eru í pottinum?

Eru það hæfustu einstaklingarnir?

Hvaða viðmið eru notuð til að velja hæfasta einstaklinginn?

Verður sá hæfasti af þeim hæfustu fyrir valinu?

Niðurstöður: Ekkert vandamál - þetta er að gerast



„... ég held að það sé ekki sama vandamálið og menn eru að reyna að búa til ...

Jú, jú, það kom þarna tímabil þar sem voru færri konur í Kauphöllinni. En svo er núna, nú eru þær bara nokkrar og tölfræðin og bara ágætis jafnræði í því í dag ...

framgangur karla verður orðinn áhyggjuefni eftir svona 20 ár.“

Ekki vandamál með kyn



„...þeir sem að eiga peninga og vilja ávaxta þá, þeir vilja bara öflugustu leiðtogana til að stýra þeirra félögum og eignum sko. **Eru ekki að horfa á karla og konur í þeim efnum.**“

„Í stærri fyrirtækjunum ... þá gjarnan viltu ráða einhvern sem sem þú þekkir eða þekkir til ... hvernig höndlar þessi erfið vandamál sem koma upp, hvernig er hann í að berja saman góðan hóp. Hvernig er hann að hvetja fólkið áfram. Þannig að ef þú þekkir þau persónueinkenni hjá manneskjunni þá skiptir það bara rosalega miklu þegar þú ert að ákveða ráðningu. **Þannig að ég held ekki að það sé út af kyni.**“

Ekki vandamál með ferlið - það eru ráðgjafar

„svo fer í gang ákveðið ferli, með ráðgjafa einum eða tveimur.

Það eru svona kannski tveir eða þrír á markaðnum sem eru að sérhæfa sig í að ráða forstjóra og halda utan um svona einstaklinga sem að koma til greina sem forstjórar.“

„Þú bara ræður til þess headhuntera“

„...okkur datt eitthvað í hug og headhunterinn kom með eitthvað en við létum hann hins vegar um það að vinna úr því“



Vandamál við að auglýsa



„...fyrir forstjóra annarra fyrirtækja að vera að sækja um forstjórástöðu. Það gera það mjög fáir nema taka samtalið og hugsanlega gefa vink frekar heldur en að koma með einhverjum formlegum hætti að borðinu því að þetta er allt mjög viðkvæmt.“



Vandamál við að auglýsa



„Þú færð ekkert endilega bara sko rjómann úr íslensku viðskiptalífi ef þú auglýsir starf.“

„Mín reynsla er að konur taki auglýsingunni mun bókstaflegar heldur en karlar. Sem að verður vandamál þegar þú ert að tala um að auglýsa forstjórstöðu í skráðu félagi af því þú munt ekki fara að breyta lýsingunni það mikið af því þá færðu inn bara svo mikið af körlum sem eru vanhæfir það verður bara orðið vesen að vinna úr þessu.“



Vandamál með konur



„Það hefur alltaf verið vandamál í íslensku viðskiptalífi að þær eru ekki að trana sér nógu mikið fram. Þær eru ekki að láta vita nógu mikið af sér eins og karlarnir sko.“



Vandamál með konur



„En vandamálið þar er að það er auglýst forstjórastaða, fullt af kvenfólki sér þetta og segir: nei þetta er ekki fyrir mig. Þú veist, það er hugarfarið“

„Þær konur sem að við töluðum við ... jafn hæfar eða mögulega hæfari, þær vildu ekki gefa kost á sér. Þær voru bara í góðum störfum og voru ekki að leita að neinu öðru“



Vandamál með áhættuna



„mögulega er þetta hræðsla ... að bara vilja ekki taka þessa áhættu með að ráða einhvern sem að hefur ekki verið í stöðunni“



Vandamál með áhættuna



„...það er ofboðslega kostnaðarsamt að gera mistök í ráðningum þannig ég held að það sé partur af þessu. Það er þetta þetta tengslanet og meðan þú ert með meirihluta karla í stjórnnum að þá eru líkur á því að tengslanetin þeirra verði ofan á“



Vandamál sem er til staðar



„...það er erfitt fyrir kvenfólk að brjótast inn í þennan heim. Þetta er erfitt. Þetta er raunverulegt vandamál. Þetta er til staðar.

Þannig að einhver sem heldur því fram að þetta sé ekki vandamál og ... að þetta muni bara lagast af sjálfu sér og þú veist, það er ekki rétt.“



Vandamál sem þarfnast úrlausnar



„stundum þegar að þjóðfélagið hefur verið að gera einhverja vitleysu í mörg ár þá bara höfum við ekki tíma til að bíða eftir því að þjóðfélagið leiðrétti þetta á 40 árum. Við þurfum að grípa til aðgerða ...“

A man with a beard and short dark hair, wearing a dark blue suit jacket, a light blue shirt, and a dark tie, is smiling warmly at the camera. The background is a blurred city street at night with bokeh lights.

Vandamálið?

„...vandamálið er ég!

Ég er ekki að standa mig nógu vel
að finna hæfar konur eða hjálpa að
byggja upp næstu kynslóð og að
ráða nógu margar konur

...raunhæf ástæða er að þeir karlar
sem að eru í stjórnunarstöðum eru
ekki að standa sig nógu vel“

„Bara kynslóð sem einhvernvegin lifir í þeim hópi að þetta sé eðlilegt og er bara blindað á þetta og í rauninni notar þessa afsökun og segir:

„ég þekki enga kvenmenn“ eða... „allt fólk sem ég þekki í kringum mig er bara eins og ég og er að gera sömu hluti og ég og þess vegna tala ég bara við það.““

Lausnin?

„...eftir því sem þessir gömlu karlar deyja að þá minnkar þetta“



Lausnin



„Hvernig ræður þú einstakling?
Hringir þú í félag þinn og segir
ertu til í að koma og vinna hjá mér?
Eða ertu virkilega að skoða völinn?
Ertu virkilega að kynna þér hvað er í
boði, ertu virkilega að hafa samband
við allskonar fólk, ertu virkilega að
víkka út sjóndeildarhringinn?...

Þetta gerist í aðdragandanum. Þetta
gerist ekki á punktinum sem við
erum að horfa á núna.“

Umræða - tveir pólar:

- Staðan er góð og ekki þörf á inngripum
- Horfum ekki á kyn - engin þörf á kynjagleraugum
- Við getum treyst á ráðgjafana
- Þessar stöður er ekki hægt að auglýsa
- Vandinn liggur í áhættunni
- Vandinn liggur hjá konum
- Vandamálið er til staðar og mun ekki leysast af sjálfu sér
- Karlar í stjórnunarstöðum eru vandamálið
- Kynslóðavandamál - gömlu karlarnir
- Grípa þarf til aðgerða og taka allt ferlið til endurskoðunar

Takk fyrir áheyrnina!



RÚV 14.07.2022, frétt um Festi:

Voruð þið að búa til auglýsingu, auglýsa eftir nýjum forstjóra?

„Já, og það er auðvitað mjög spennandi að fá nýjan leiðtoga fyrir þetta flotta félag og það verður bara **faglegt, opið og gagnsætt ferli**,“ segir Sigurlína Ingvarsdóttir.

Guðjón Reynisson og Sigurlína Ingvarsdóttir.

RÚV – RÚV - Barði Stefánsson